



Nefndasvið Alþingis
Fjárlaganefnd
Skrifstofa Alþingis, nefndasvið
150 Reykjavík

Gunnarsholti 8. mars 2021

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um nýtingu á landi í eigu ríkisins í atvinnuskyni

Þann 22. febrúar 2021 barst Landgræðslunni, frá nefndasviði Alþingis, til umsagnar frumvarp til laga um nýtingu á landi í eigu ríkisins í atvinnuskyni, 538. mál.

Í markmiðskákvæði 1. gr. frumvarpsins kemur m.a. fram að stuðla skuli að sjálfbærni á landi í eigu ríkisins, þ.e. að landið skuli nýtt með sjálfbærum hætti. Þá kemur fram í f-lið greinarinnar að stefnt skuli að því að vernda náttúruverndarsvæði og önnur viðkvæm svæði fyrir átroðningi.

Ofangreint markmið fyrirleggjandi frumvarps er mjög mikilvægt og fellur reyndar mjög vel að markmiðum laga um landgræðslu nr. 155/2018 og öðrum efnisákvæðum þeirra laga. Markmið þeirra laga er skv. 1. gr. að vernda, endurheimta og bæta þær auðlindir þjóðarinnar sem fólgnar eru í gróðri og jarðvegi og tryggja sjálfbæra nýtingu lands. Þá er í 2. gr. landgræðslulaga sérstakt ákvæði sem ber yfirskriftina *markmið um vernd og sjálfbæra nýtingu lands* en þar er í 8 staflaðum talið upp hvernig að því skuli staðið. Þá er í IV. kafla laganna, hver ber yfirskriftina *sjálfbær landnýting*, ákvæði um sjálfbæra landnýtingu, skilgreiningu hennar, skyldu ráðherra til að kveða nánar þar um í reglugerð, hvernig með skuli farið ef landnýting teljist ekki sjálfbær o.fl.

Ljóst er að verkþáttur sá sem falinn hefur verið Landgræðslunni, þ.e. að fylgjast með sjálfbærni landnýtingar m.a. í tengslum við umferð fólks og ökutækja kallast á við það mat sem liggja þarf til grundvallar því hvort leyfisbinda eigi afnot af einstökum lendum ríkisins.


Fyrirliggjandi lagafrumvarp hefur vítt gildissvið þó takmarkanir séu allnokkrar, sbr. 2. og 3. gr. Megininntak er þannig það að á gagnsæjan hátt megi stýra ásókn að vinsælustu ferðamannastöðum þeim sem tilheyra íslenska ríkinu. Aðgangstakmarkanir þessar byggja á nokkrum, ólíkum, sjónarmiðum en eitt þeirra er vissulega það að einstök svæði/staðir þola ekki að óbreyttu þá ásókn þar er, landið lætur á sjá og landnýting er ósjálfbær. Efni frumvarpsins er einnig til þess fallið að hið opinbera hafi raunverulega möguleika til að öðlast þá yfirsýn sem nauðsynleg er til að leggja mat á umfang þeirrar starfsemi sem fram fer á einstökum svæðum, sem og að möguleikar opnast á að bregðast við ef í óefni stefnir.

Landgræðslan setur hér ekki fram athugasendir við einstakar greinar fyrirbyggjandi frumvarps. Hins vegar lýsir stofnunin yfir ánægju með það að taka skuli upp aðgangstakmarkanir, eða möguleika til þeirra, enda hefur það sýnt sig á síðustu árum, samhliða aukinni ásókn ferðamanna til landsins, að þær hefur sárlega vantað á ríkislandi.

Sérleyfissamningar, rekstrarsamningar eða nýtingarsamningar þeir sem frumvarpið gerir ráð fyrir sýnast vera til þess fallnir að stýra og/eða takmarka umfang ferðamanna á þau svæði sem þá, að óbreyttu, ekki bera.

Landgræðslan vill þó benda á að sárlega vantar einhverskonar landnýtingarstefnu er tekur til ríkislanda þeirra sem fyrirbyggjandi frumvarpi er ætlað að ná til. Án slíkrar stefnu er örðugt að sjá hvaða sjónarmið skuli ráða för þegar metin er uppbyggingarþörf einstakra svæða en hætt er við að ella ráði kröfur um aðgengi uppbyggingarþörfinni fremur en hlutlæg sjónarmið eigenda landsins um þörf eða vilja til uppbyggingar – í þessu tilfalli ríkisins. Uppbygging viðamikilla innviða er þannig án vafa ekki allsstaðar rétt viðbragð við aukinni ásókn að ríkisland heldur skyldi slíkt viðbragð mikið fremur byggjast á landnýtingarstefnu, hvar fjallað væri um æskilega uppbyggingu, umsvif, umferð o.fl. á einstökum svæðum í eigu ríkisins.

Virðingarfyllst,
f.h. Landgræðslunnar.



Birkir Snær Fannarsson
lögmaður.